

Ed.

1008. Breytingartillögur

[428. mál]

við frv. til l. um gjöld af tóbaksvörum.

Frá Árna Johnsen.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Tóbaksgjald skv. 2. mgr. 1. gr. skal vera grunntaxti.
Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að hækka gjald af hverri gjaldskyldri einingu skv. 2. mgr. 1. gr.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um innflutning tóbaks með hliðsjón af skaðsemi þess.
Innflutningur nýrra tóbaksvörutegunda er háður leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
3. Á eftir 11. gr. komi svofellt **ákvæði til bráðabirgða:**
Ákvæði 2. mgr. 10. gr. öðlast þegar gildi.